

Mánudaginn 19. marz 1973.

Nr. 186/1971: **Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður**
(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Heiðari Guðmundssyni
(Jón Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað uppboðs. Tryggingarbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Dómkröfur hans eru þessar: Að „hinum áfrýjaða dómi, eða öllu heldur úrskurði, uppboðsréttar Ísafjarðar frá 1. okóber 1971 verði hrundið og breytt á þá lund, að hið umbeðna nauðungaruppboð á eignarhluta stefnda Heiðars Guðmundssonar í fasteigninni nr. 30 við Tangagötu á Ísafirði skuli fram fara til lúkningar á skuld sameignarfélagsins Radio, Ísafirði, samkvæmt víxlum samþykktum af félaginu og útgefnum af Radiostofu Vilbergs & Þorsteins, Reykjavík, að eftirstöðvum kr. 187.443.61, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. október 1967 til greiðsludags, kostnaði við stimplun og afsögn, kr. 1060, auk kostnaðar alls við uppboðið og í sambandi við það“. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að synjað verði um framgang uppboðsins og málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í hinni áfrýjuðu dómsathöfn.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Þorsteins Þorvaldssonar f. h. Radiostofu Vilbergs & Þorsteins þess efnis, að víxlar þeir, sem málið fjallar um, séu eign fyrirtækisins, en hafi verið framseldir Sigurði Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni í innheimtuskyni.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig, að samkvæmt

reikingsskilum Sigþórs K. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 29. september 1967, sem samín eru eftir gögnum Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns í Reykjavík, séu eftirstöðvar skuldar fyrirtækis stefnda, Radios s/f, Ísafirði, við Radiostofu Vilbergs & Þorsteins kr. 210.802.21. Uppgjör þetta er svohljóðandi:

„31/12 '66

Víxlaskuld kr. 545.249.80

Dráttarvextir af víxlum til 31/12 1966 .. — 18.980.14

Kr. 564.229.94

÷ Endur-
sendar vör-
ur kr. 51.208.00

÷ Sendar
vörur án
víxla — 34.935.00 kr. 16.273.00

Innheimtar
útistandi
skuldir .. kr. 107.880.50

÷ Inn-
heimtulaun — 10.788.00 — 97.092.50 — 113.365.50

Kr. 450.864.44

1/5 '67

Dráttarvextir af víxlum til 1/5 1967 — 18.034.58

Kr. 468.899.02

÷ Gr. frá G.G. m/veð-
skuldabréfi kr. 201.719.34

Innborgað — 125.000.00

kr. 326.719.34

÷ Þóknun
til E. G. E. kr. 1.800.00

Vangoldin
hluti G. G.
af skulda-

bréfi kr. 5.003.38 kr. 6.803.38 kr. 319.915.96

Kr. 148.983.06

1/10 '67

Dráttarvextir af vixlum til 1/10 1967 — 7.449.15

Kr. 156.432.21

Þinglýsing af tryggingar-

bréfi G. G. kr. 3.075.00

Innheimtukostnaður skv.

taxta Lögmannafélags Ís-

lands — 32.585.00

Gerð tryggingabréfa — 2.850.00

Flugferðir til Ísafjarðar

(3 x 1620) — 4.860.00

Dagpeningar (4 x 2000.00) — 8.000.00

Þóknun til endurskoðanda — 3.000.00 — 54.370.00

Eftirstöðvar kr. 210.802.21“

Frá þessari fjárhæð dregur áfrýjandi kr. 29.874.10, sem innheimtar hafi verið upp í skuld stefnda hjá skuldunautum Radios s/f, en bætir síðan við kostnaði, að því er virðist við þessar innheimtur, samtals kr. 20.193.50. Kemur þá fram fjárhæðin kr. 201.121.61, sem áfrýjandi lækkar um kr. 13.678.00 (10.000.00 + 3.678.00) í kr. 187.443.61.

Stefndi hefur m. a. haldið því fram, að vixilskuldurnar, sem málið fjallar um, væru að fullu greiddar. Hefur hann í því sambandi bent á samning sinn við Radiostofu Vilbergs & Þorsteins frá 27 janúar 1967.

Kröfu sína um nauðungarupphöð á eignarhluta stefnda í fasteigninni Tangagötu 30 á Ísafirði reisir áfrýjandi á veðbréfi (tryggingarbréfi), útgefnu af stefnda 28. janúar 1967, en með bréfi þessu setur stefndi nefndan eignarhluta að veði

til tryggingar víxlum, sem Radio s/f á Ísafirði skuldi Radióstofu Vilbergs & Þorsteins í Reykjavík. Telur áfrýjandi, að veðbréf þetta ásamt þeim ógreiddu víxlum, sem veðið eigi að tryggja, sé nægileg heimild til nauðungaruppboðs á hinn veðsettu eign samkvæmt b lið 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947.

Í framangreindu veðbréfi er að vísu áskilið, að þegar skuldin, sem veðið eigi að tryggja, sé fallin í gjalddaga, megi selja það á nauðungaruppboði samkvæmt lögum nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Á hinn bóginn er þess að gæta, að umrædd veðsetning er til tryggingar skuld, sem ekki er á annan hátt greind í veðbréfinu en þann, að um sé að ræða víxilskuldir Radios s/f við nafngreindan þriðja aðilja. Er víxilskuldum þessum ekki lýst nánar, fjárhæða þeirra að engu getið og fjárhæðin, sem veðinu er ætlað að tryggja, aðeins tiltekin þannig, að veðsetningin sé „til tryggingar skuld að fjárhæð allt að kr. 300.000.00 . . . svo og vöxtum og öllum innheimtukostnaði að skaðlausu.“ Verður ekki litið svo á, að 3. gr. laga nr. 18/1887, sem ræðir um veðskuldabréf með fasteignartryggingu, veiti heimild til þess beint eða fyrir lögjöfnun, að í framangreindu veðbréfi væri ákveðið, svo gilt sé, að selja megi veðið á nauðungaruppboði án dóms eða sáttar og aðfarar. Styrkja ákvæði 15. gr. laga nr. 29/1885 og þessa niðurstöðu. Ber því þegar af þessari ástæðu að synja kröfu áfrýjanda um framgang uppboðsins og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 40.000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ranglega nefnt úrlausn sína dóm.

Þá er það aðfinnsluvert, að lögmaður áfrýjanda, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, hefur í greinargerð fyrir Hæstarétti viðhaft óþinglegt orðbragð um héraðsdómarann.

D ó m s o r ð :

Synjað er um framgang uppboðs þess, sem í málinu greinir.

Áfrýjandi, Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður,

greiði stefnda, Heiðari Guðmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

„Dómur“ uppboðsdóms Ísafjarðar 1. október 1971.

Ár 1971, föstudaginn 1. október, var á uppboðsþingi Ísafjarðar, sem háð var í dómssal embættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði af Björgvin Bjarnasyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur þessi, en málið var tekið til dóms í dag, eftir að það var endurupptekið.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1968, krafðist Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Tryggvagötu 8, Reykjavík, að eignarhluti Heiðars Guðmundssonar rafvirkjameistara, Tangagötu 30 á Ísafirði, í húseigninni nr. 30 við Tangagötu á Ísafirði yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar eftirstöðvum skuldar pr. 1. október 1967, kr. 201.121.61, auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. október 1967 til greiðsludags, afsagnar- og stimpil-kostnaðar, kr. 1.060.00, auk innheimtulauna, kr. 13.156.00, svo og alls kostnaðar við uppboðið, ef til kæmi.

Uppboðspoli, Heiðar Guðmundsson, gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og að honum verði úrskurðaður eða dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Eftirstöðvar kr. 201.121.61 sundurliðar uppboðsbeiðandi samkvæmt víxlum, sem Radió s/f á Ísafirði hefur samþykkt til greiðslu, en til tryggingar víxlum þessum er tryggingarbréf, útgefið af uppboðspola, Heiðari Guðmundssyni, þann 28. janúar 1967 til tryggingar víxilskuldum Radiós s/f við Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, Laugavegi 72, Reykjavík, allt að fjárhæð kr. 300.000.00.

Er tryggingarbréf þetta tryggt með 4. veðrétti í framangreindum eignarhluta að Tangagötu 30 á Ísafirði.

Víxlarnir eru þessir:

Víxill pr.	6. október	1966	að upphæð	kr.	41.219.00
— —	1. ágúst	1966	— —	—	35.978.00
— —	28. júlí	1966	— —	—	36.385.00
— —	14. maí	1966	— —	—	49.506.00
— —	4. maí	1966	— —	—	34.677.00

Samtals kr. 196.865.00

Krafa uppboðsbeiðanda er, eins og áður greinir, kr. 201.121.61, en ofangreindir víxlar eru samtals kr. 196.865.00, svo að uppboðskrafan er kr. 4.256.61 hærri en nefndir víxlar samanlagt.

Á dskj. nr. 1 eru taldir upp fimm víxlar, en með þeim hefur fylgt víxill pr. 20. júlí 1966, kr. 35.000.00, sem engin grein er gerð fyrir. Þá lækkar uppboðsbeiðandi kröfu sína um kr. 8.000.00 í kr. 193.121.61 og innheimtulaun í kr. 12.850.00 með bréfi, dags. 7. nóvember 1968 á dskj. nr. 3, og ennþá lækkar hann kröfu sína í greinargerð á dskj. nr. 11 í kr. 191.121.61 og innheimtulaun í kr. 12.250.00, og byggjast báðar þessar lækkanir, samtals kr. 10.000.00, á því, að Konráð nokkur Júlíusson greiddi upp í kostnað og höfuðstól skuldar sinnar þessa fjárhæð. Og ennþá breytist krafan og nú til hækkunar, eins og hún var upphaflega, kr. 201.121.61, þar sem greiðsluloforð hafi verið gefið fyrir kr. 10.000.00 og ekki staðið við það. Að lokum lækkar uppboðsbeiðandi kröfur sínar niður í kr. 187.443.61 án nokkurra skýringa, og verður því endanleg krafa hans, að fasteignin Tangagata 30, Ísafirði, verði seld á grundvelli tryggingarbréfs á dskj. nr. 2 og viðfesta víxla, sem fylgdu uppboðsbeiðni á dskj. nr. 1, til lúkningar skuld að eftirstöðvum kr. 187.443.61 auk 1% dráttarvaxta frá 1. október 1967 til greiðsludags, afsagnar- og stimpilkostnaðar, kr. 1060.00, innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaðar alls við uppboðið og réttarhöld þau, sem fram hafa farið, síðan beðið var upphaflega um uppboðið, svo og kostnaðar alls og dagpeninga, ef til uppboðs kemur.

Sátta var leitað árangurslaust.

Málavextir eru þessir:

Uppboðspoli, Heiðar Guðmundsson, rak ásamt Gunnari Guðvarðssyni, Ísafirði, sameignarfélagið Radió þar til hann seldi sinn hluta í firmanu þann 1. október 1966 meðeiganda sínum, nefndum Gunnari, og voru eigendaskipti auglýst í Lögbirtingablaðinu nr. 66/1966.

Þann 28. janúar 1967 kom Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður til Ísafjarðar til að leggja löghald á eignir uppboðspola til tryggingar skuldum Radiós s/f hjá Radióstofu Vilbergs & Þorsteins í Reykjavík, sem lyktaði með því, að uppboðspoli gaf út tryggingarbréf með 4. veðrétti í eignarhluta sínum að Tangagötu 30, Ísafirði, fyrir skuldum við nefnt firma að fjárhæð allt að kr. 300.000.00.

Samkomulag var um það, að ekki skyldi gengið að veðinu, fyrr en fullreynt væri, hvort eignir Radiós s/f og andvirði fasteignar-

innar Þvergötu 4 á Ísafirði nægðu til greiðslu skuldarinnar við Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, sbr. dskj. nr. 6. Enn fremur átti að greiða fyrst upp elztu skuldir Radiós s/f samkvæmt framburðum Birgis Valdimarssonar og Einars Gunnars Einarssonar, sbr. dskj. nr. 10.

Töluverður ágreiningur er um, hvað mikið hafi fengizt greitt upp í kröfur Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, og er málið mjög vanreifað af hendi uppboðsbeiðanda varðandi það atriði. Þó hafa verið lögð fram ýmis yfirlit og uppgjör í málinu, en ekki gefin nein viðhlítandi skýring á, hvernig uppboðskrafan er fundin.

Eins og að framan greinir, hefur uppboðsbeiðandi margbreytt kröfum sínum ýmist til lækkunar eða hækkunar.

Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, er hafði meðal-göngu um mál þetta, svo sem samningu tryggingarbréfsins og innheimtu útistandandi skulda Radiós s/f, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Lagt hefur verið fram uppgjör á dskj. nr. 12, sem Sigbór K. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, hefur samið eftir gögnum nefnds Kristins Sigurjónssonar, og telur hann eftirstöðvarnar vera kr. 210.802,21, sem ekki heldur kemur heim og saman við upphaflega eða endanlega kröfu uppboðsbeiðanda, og er upphaflega krafan kr. 9.680,60 lægri en nefnt uppgjör og endanlega krafan lægri um kr. 23.358,60.

Uppboðspoli hefur mótmælt uppgjöri á dskj. nr. 12 og yfirlitinu í heild, enda hafi hann aldrei fengið neinar skýringar á því svo og kæmi ekki fram allir þeir reikningar á dskj. nr. 17, sem Kristinn Sigurjónsson hefur innheimt, og færir hann rök fyrir því með framlagningu á yfirliti á dskj. nr. 19 ásamt fylgiskjöllum, reikningum á dskj. nr. 20, yfirlýsingu á dskj. nr. 21 og endurriti dóms á dskj. nr. 22.

Gunnar Guðvarðsson, fyrrverandi meðeigandi uppboðspola, kom fyrir dóm, og er honum var sýnt yfirlitið á dómsskjali nr. 12, kvaðst hann ekki hafa haft aðstöðu til samanburðar og að honum hafi komið á óvart ýmsir liðir þess. Svo og tók hann fram, að samkomulag hafi verið með eigendum Radiós s/f og Radióstofu Vilbergs & Þorsteins um, að eldri skuldir yrðu fyrst greiddar.

Við aðilja- og vitnaleiðslur, sem fram fóru þann 23. júní 1969, tók umboðsmaður uppboðsbeiðanda fram:

„Þótt umbjóðandi minn hafi leyft, að umboðsmaður uppboðspola leiddi í réttinum vitni og aðila, mótmæli ég framburðum þeirra sem röngum og þýðingarlausum fyrir mál þetta, þar eð ég tel mál þetta eiga að sæta reglum í 17. gr. víxillaga og 17.

kafla laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1959. Því hefur í þessu ekki falizt neitt samþykki til undanþágu frá nefndum réttarfarfarsákvæðum.“

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu lagði uppboðsbeiðandi í réttarhaldi þessu fram ýmis dómsskjöl um viðskipti þau, sem gerðust að baki þeim víxlum, sem fram hafa verið lagðir í máli þessu, svo sem yfirlit löggilts endurskoðanda á dskj. nr. 12, bréf Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns nr. 13, bréf uppboðsbeiðanda nr. 14 og ljósrit kvittunar nr. 15 svo og greinargerð, þar sem viðskipti eru rakin, nr. 11, bréf til bæjarfógeta nr. 16 og yfirlit yfir innheimtar kröfur.

Enn fremur lagði uppboðsbeiðandi fram í réttarhaldi í uppboðsrétti Reykjavíkur þann 3. maí 1971 aðiljaskýrslu Þorsteins Þorvaldssonar, annars eiganda Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, og vitnaskýrslu Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns.

Staðfesti Kristinn skýrslu sína fyrir dóminum sem vitni, en ekki er getið í bókum uppboðsdómara, að Þorsteinn mætti þar sem vitni, og virðist koma fyrir dóminn sem aðili, sbr. aðiljaskýrslu hans. Uppboðsbeiðandi hefur engar athugasemdir gert við það. Þá hefur uppboðsbeiðandi lagt fram yfirlit og rökstuðning þess svo og sókn í málinu á dskj. nr. 24, þar sem hann ítrekar mótmæli sín gegn því, að komið verði að *frekari* vörnum en 208. gr. laga nr. 85/1936 heimilar.

Með framlagningu framangreindra dómsskjala og yfirlýsingu sinni um, að *frekari* vörnum verði ekki komið að, verður að telja, að þrátt fyrir öll mótmæli uppboðsbeiðanda hafi hann fallizt á í verki, að uppboðspoli kæmi að vörnum, sem annars komast ekki að samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936.

Dómurinn telur ekki ástæðu til, eins og málum er háttað, að rekja ítarlega efni allra þeirra skjala og aðilja- og vitnisburða, er fram hafa komið í málinu, þar sem það, sem nú hefur verið rakið, mun nægja til frávísunar málsins vegna þess, hve það er vanreifað — ef ekki annað kæmi til.

Sóknaraðili máls þessa, uppboðsbeiðandinn Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, leggur sjálfur fram í réttarhaldi þann 3. maí 1971 í uppboðsrétti Reykjavíkur *aðiljaskýrslu* Þorsteins Þorvaldssonar, annars aðaleiganda Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, þar sem viðskipti firma hans og Radiós s/f eru rakin.

Tryggingarbréf og víxlar þeir, sem um er að ræða í máli þessu, hafa verið framseldir uppboðsbeiðanda, og mætti ætla, að hann ætti samkvæmt því aðild að málinu. Hins vegar verður að telja

við framlagningu aðiljaskýrslu Þorsteins Þorvaldssonar, að hér hafi verið um pro forma gerning að ræða og nefndur Þorsteinn eða Radióstofa Vilbergs & Þorsteins séu raunverulegir eigendur kröfu þeirrar, sem fram er sett.

Þessa skýrslu leggur uppboðsbeiðandi sjálfur fram án nokkurra athugasemda.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að svo mikill vafi leiki á því, hvort uppboðsbeiðandi, Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, sem sækir málið í eigin nafni, sé raunverulegur eigandi kröfunnar, að ástæða er til að gefa því meiri gaum.

Ekki hefur komið fram krafa frá uppboðspola um sýknu á þessum forsendum, og ber því ex officio að sýkna hann af öllum kröfum uppboðsbeiðanda og synja um framgang uppboðsins vegna aðildarskorts.

Eftir atvikum þykir rétt, að uppboðspola verði tildæmdur málskostnaður að fjárhæð kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Uppboðspoli, Heiðar Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum uppboðsbeiðanda, Sigurðar Sigurðssonar, í máli þessu.

Uppboðsbeiðandi greiði uppboðspola kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
